

L Ö G

um sérstakt tímabundið aðlögunargjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við innflutning vöru, sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samkvæmt ákvæðum fríverslunarsáttmáls Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu (EBE), skal ráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að innheimta skuli 3% aðlögunargjald í rikissjóð. Sama skal gilda um innflutning vara frá öðrum löndum sem flokkast undir sömu tollskrárnúmer samkvæmt lögum nr. 120/1976 um tollskrá o.fl., með áorðnum breytingum.

2. gr.

Aðlögunargjald skv. 1. gr. skal greiða af tollverði innfluttrar vöru og skal innheimt á sama hátt og aðflutningsgjöld og njóta sömu lögverndar og þau gjöld. Að þessu og öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl., laga nr. 47/1960 um tollvörugæmslur o.fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit, með áorðnum breytingum, eftir því sem við á.

3. gr.

Hafi innflytjandi afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að unnt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað áður en gjaldtaka skv. 1. gr. er ákveðin skal varan tollafgreidd án greiðslu aðlögunargjalds, en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið innan tíu daga frá gildistöku gjaldsins.

Aðlögunargjald skal einnig greiða af vörum sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir gildistöku dag gjaldsins gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl., nema fullnaðar-tollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá því að gjaldtaka skv. 1. gr. er ákveðin.

4. gr.

Óheimilt er að hækka vegna álagningar aðlögunargjalds verð á birgðum vöru sem aðlögunargjaldið hefur ekki verið greitt af.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda ákvæði laga nr. 54/1960 um verðlagsmál eða laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnis-hömlur og óréttmæta viðskiptahætti, eftir því sem við á.

5. gr.

Af vörum, sem tollfrjálsar eru skv. 2. gr. tollskrárlaga eða undanþegnar hafa verið tolli að öllu leyti samkvæmt ákvæðum 3. gr. tollskrárlaga, og án tillits til uppruna, eða samkvæmt öðrum lögum, skal ekki innheimta aðlögunargjald.

6. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða vörur skulu gjaldskyldar skv. 1. gr. og önnur atriði varðandi innheimtu gjaldsins. Á sama hátt má ákveða í reglugerð að leggja megi á og innheimta í einu lagi aðlögunargjald samkvæmt lögum þessum og

jöfnunargjald samkvæmt lögum nr. 83/1978 svo og að setja megi í eina reglugerð ákvæði um framkvæmd þessara laga. Ráðherra skal heimilt að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu skv. 1. gr. ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

7. gr.

Tekjum af aðlögunargjaldi á árinu 1979 skal varið til sérstakra iðnþróunar- aðgerða samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnar, að fengnum tillögum iðnaðarráð- herra.

Á sama hátt skal tekjum af gjaldinu á árinu 1980 varið til eflingar iðnþróun sam- kvæmt ákvæðum fjárlaga.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1979 og gilda til 31. desember 1980.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Tómas Árnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam- þykki mínu:

1. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (9. gr.) Stofna skal í Iðnlánasjóði lánadeild iðngarða, er hafi þann tilgang að lána stofnlán til sveitarfélaga, félagssamtaka og einstaklinga, sem reisa iðnaðar- mannvirki í því skyni að efla íslenskan iðnað eða skapa með öðrum hætti starfs- aðstöðu til handa iðnfyrirtækjum, sem greiða iðnlánasjóðsgjald skv. 5. gr., enda öðlist þau á fullnægjandi hátt að mati stjórnar Iðnlánasjóðs leigu- og/eða kaup- rétt að þeirri aðstöðu eða mannvirki, sem lánað er til. Umsækjendur um lán til iðngarða geri stjórn Iðnlánasjóðs fullnægjandi grein fyrir áformum sínum samhliða lánsúmsókn.
- b. (10. gr.) Tekjur lánadeildar iðngarða eru:
 1. Framlög, er veitt kunna að verða úr ríkissjóði eða á annan hátt.
 2. Á fyrstu fjórum starfsárum lánadeildarinnar, frá og með árinu 1980 til og með ársins 1983, renni allt að 250 milljónum króna á ári af umráðafé Iðn- lánasjóðs til deildarinnar.
 3. Andvirði sérstakra lána, sem stjórn Iðnlánasjóðs, að fengnu samþykki iðn- aðarráðherra, aflar til deildarinnar, sbr. 6. gr.